

1872.

7. nóvbr.

109. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.

Með bréfi, dagsettu 4. septbr. þ. á., hafið þér, herra stípt-
amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem kaupmaður C. D. Tú-
liníus á Eskifirði, sem nú hefir silfurbergsnámið í Helgustaða-
fjalli að leigu, sækir um, að fá þann $\frac{1}{4}$ hluta námsins, sem er
þjóðeign, enn á leigu um 5 ár, eða þá fyrir 1 ár frá 1. janúar
1873, fyrir hið sama afgang, sem hann nú greiðir, og sem er
100 rd. á ári, og hafið þér samkvæmt skýrslu frá hlutaðeiganda
umboðsmanni um, að Túliníus að hans áliti hafi farið tilhlýði-
lega með námann, stungið uppá, að það verði veitt, sem sókt er
um, jafnframt og þér getið þess, að það muni örðugt, að leggja
Túliníus fyrir fast ákveðnar reglur um afnot hinna $\frac{3}{4}$ af nám-
anum, sem hann hafi leigt til ársloka 1877, enda sè tryggingin í
því tilliti helzt í því fólgin, að hann sè í tengdum við eigand-
ann að þessum $\frac{3}{4}$ pörtum, Þórarinn prest Erlendsson.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að með því háskólakenn-
ari *Johnstrup*, sem eins og yður mun kunnugt rannsakaði nám-
ann í fyrri, hefir látið þá skoðun í ljósi, eins og sjá má af
meðfylgjanda endurriti af skýrslu hans, að það muni leiða af að-
ferð þeirri, sem nú sè við höfð við afnot námans, að hann eyði-
leggist, og að nauðsýn beri því til, að banna eigandanum að
 $\frac{3}{4}$ pörtunum að láta brjóta úr námanum um nokkurn tíma,
verður stjórnarráðið að álíta það ótíltækilegt, að endurnýja leigu-
málann við Túliníus, sem er á enda 31. desbr. þ. á. Með því
nú kynni að vera ástæða til að búast við því, að Túliníus, sem
á ný hefir leigt $\frac{3}{4}$ partana af námanum um 5 ár, þykist hafa
rétt til að nota námann, þótt honum sè neitað um að fá til
leigu þann hlutann, sem er þjóðeign, og þótt sameignin við Þór-
arinn prest Erlendsson sè að óskiptu, og því þess eðlis, að
hvorugur hafi nokkurn tiltekinn part af námanum, þar sem annar
eigandinn má brjóta úr honum silfurberg að hinum fornspurð-
um, og halda því einn, mælumst vèr til, að þér látið leggja

1872.

7. nóvbr.

rèttarbann á, að Þórarinn prestur Erlendsson og kaupmaður Túliníus noti námið með nokkru móti, þangað til búið er að koma sèr saman um reglulega aðferð við afnot námans. Jafnframt þessu mælumst vèr til, að þèr leitið til samninga við Þórarinn prest Erlendsson um rekstur námans eptirleidis, samkvæmt þeim aðalatriðum, sem háskólakennari *Johnstrup* hefir bent á, og að þèr við tækifæri reynið til að fá vitneskju um, hvort Þórarinn prestur Erlendsson sè fús til þess að bregða sameigninni og með hvaða skilmálum.

Um leið og vèr að endingu mælumst til, að þèr bjóðið hlutaðeiganda sýslumanni að hafa umsjón með, að enginn brjóti úr námanum með ólöglegu móti, hvorki innlendir nè útlendir menn, og gjörið ráðstafanir til að láta hylja námann með mól, eins og háskólakennari *Johnstrup* hefir sagt fyrir, búumst vèr við að fá skýrslu frá yður um ráðstafanir þær, sem þèr gjörið í þessu skyni.

110. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heimtingu brennivínsgjalds.

7. nóvbr.

Útaf því að sýslumaðurinn í Árnessýslu, Þorsteinn kansellíráð Jóhnsen hefir mælt til, að fyrrum sýslumaður Þórður Guðmundsson, sem býr nálægt Eyrarbakka verzlunarstað, — en sýslumaður sjálfur hefir heimili sitt nokkurra stunda ferð þaðan — verði settur af amtinu til þess að hafa umsjón fyrir hönd sýslumanns með heimtingu gjalds þess á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem fyrir er mælt um í tilsk. 26. febr. þ. á., og að veita megi honum í líkingu við það, sem ákveðið er í opnu brèfi 28. desbr. 1836, helminginn af innheimtulaunum þeim, sem í tilsk. 26. febr. þ. á. eru lögð til sýslumanns, án þess þó að dregið verði nokkuð af sýslumanni í innheimtulaunum þeim, sem honum eru ætluð og sem eru 2 % af gjaldinu, sem heimt er